

Hvatningarverðlaun velferðarráðs 2015

Lagt er til að velferðarráð samþykki að veita eftirtöldum Hvatningarverðlaun velferðarráðs fyrir árið 2015.

- **Hákon Sigursteinsson deildarstjóri sérfræðiþjónustu í skólum, í flokknum *einstaklingar***
- **Búsetukjarninn fyrir geðfatlaða Lindargötu 64 undir forystu Kristjáns Sigurmundssonar í flokknum *hópar/starfsstaðir*.**
- **Austurstrætisverkefnið í flokknum *verkefni*.**

Greinargerð:

Velferðarráð veitti í fyrsta sinn hvatningarverðlaun árið 2011 í því skyni að hvetja starfsmenn sviðsins og hafa þau verið veitt árlega síðan. Velferðarráð skipaði valnefnd vegna veitingar verðlaunanna fyrir árið 2015. Valnefndin er skipuð fulltrúum velferðarráðs, skrifstofu velferðarsviðs, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og BHM. Í valnefnd vegna verðlauna fyrir árið 2015 voru: Ilmur Kristjánsdóttir, Áslaug Friðriksdóttir, Garðar Hilmarsson, Þórhildur Lilja Ólafsdóttir og Lóa Birna Birgisdóttir.

Til hvatningaverðlauna velferðarráðs 2015 var unnt að tilnefna einstakling, starfsstað, hóp og/eða verkefni til verðlauna fyrir eftirtektaverða alúð, þróun og/eða nýbreytni varðandi hvaðeina sem við kemur velferðarmálum og unnið var að á árinu 2015. Einnig mátti tilnefna einstakling fyrir farsælt starf á sviði velferðarmála og veita viðurkenningar fyrir athyglisverð verkefni.

Markmiðið með veitingu hvatningarverðlauna er að skapa hvetjandi vinnustaðamenningu og vekja athygli á gróskumiklu starfi í velferðarmálum Reykjavíkurborgar, auk þess að stuðla að aukinni nýbreytni og þróunarstarfi. Rannsóknir hafa sýnt að hvetjandi starfsumhverfi stuðlar að aukinni starfsánægju starfsmanna, betri frammistöðu og þjónustu til notenda.

Fjöl margar athyglisverðar tilnefningar bárust valnefndinni og valdi nefndin úr þeim tilnefningum sem bárust. Í heildina voru 25 einstaklingar, hópar eða verkefni tilnefnd, þar af voru tólf tilnefndir í flokknum einstaklingar, sjö tilnefndir í flokknum hópar/starfsstaðir og sex tilnefndir í flokknum verkefni.

Valnefnd hefur ákveðið að leggja til við velferðarráð að veita eftirfarandi hvatningarverðlaun fyrir árið 2015:

Í flokknum einstaklingar verði Hákon Sigursteinssyni veitt hvatningarverðlaun velferðarráðs 2015.

Í mati valnefndar og rökstuðningi þeirra sem tilnefndu Hákon til verðlauna kemur m.a. fram eftirfarandi: Hákon hefur verið deildarstjóri sérfræðipjónustu í Breiðholti frá stofnun Þjónustumiðstöðvanna, en þar áður var hann deildarstjóri sérfræðipjónustu hjá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Hákon hefur verið leiðandi í mótun og framþróun sérfræðipjónustu skóla á borgarvísu. Framsýni hans og frumkvöðlastarf hefur haft áhrif á stefnumótun sviðsins í málefnum sérfræðipjónustunnar. Aðrar sérfræðipjónustur hafa verið að færast nær því verklagi sem Hákon hefur mótað, bæði á borgar- og landsvísu. Hákon hefur mótað nýtt og breytt verklag svo hægt sé að bregðast við þörfum barna og unglunga á heildstæðan og skjótari hátt en áður, t.d. með auknu samstarfi milli fagaðila innan þjónustumiðstöðvar og meira samráði við skóla og aðrar stofnanir, s.s. heilsugæslu, BUGL, GRR og Barnavernd. Aðrar stofnanir hafa verið ánægðar með þetta samráð og hvatt til þess að það sé viðhaft á fleiri stöðum. Hákon hefur einnig verið leiðandi í því að halda utan um skráningar í tengslum við þjónustuna og gera starfið þannig skilvirkara og sýnilegra.

Hákon hefur staðið fyrir því að gefa forvarnarvinnu meira vægi í sérfræðipjónustunni, t.d. í formi námskeiða fyrir foreldra og börn í hverfinu og með viðveru sálfræðinga í skólum hverfisins. Önnur forvarnarvinna hefur m.a. verið skimanir fyrir tilfinningavanda í heilum árgangi í öllum skólum hverfisins og verkefnið Læsri allra mál sem er m.a. lestarskimun í þremur árgöngum á hverju ári og ráðgjöf í kjölfar niðurstaðna.

Í flokknum hópar/starfsstaðir verði hvatningarverðlaun velferðarráðs 2015 veitt búsetukjarnanum Lindargötu 64.

Í mati valnefndar og rökstuðningi þeirra sem tilnefndu búsetukjarnann Lindargötu kemur m.a. fram eftirfarandi: Fyrir vel heppnaða útfærslu og framkvæmd þróunarverkefnis, en verkefnið fólst í því að breyta þjónustustigi búsetukjarna á Bergþórugötu 41 yfir í utankjarnaþjónustu. Kjarninn var fluttur í annað húsnæði á Lindargötu 64 og við þessa breytingu tókst að skapa samanlagt átta úrræði til viðbótar í sérhæfðri búsetu geðfatlaðra í Miðborg/Hlíðum.

Með þessu móti var íbúum á Bergþórugötu boðin viðeigandi þjónusta miðað við þá auknu færni og sjálfstæði sem þeir höfðu öðlast við búsetu á kjarna. Allir íbúar á Bergþórugötu 41 óskuðu eftir áframhaldandi búsetu þar og voru metnir færir til að búa við meira sjálfstæði. Röskun á högum þeirra var lítil sem engin, þar sem þeir þurftu ekki að flytja sig úr stað.

Á nýja staðnum á Lindargötu 64 eru nú búsettir sjö einstaklingar sem fóru þar með af biðlistum um sérhæfða búsetu og einn einstaklingur flutti inn í íbúð sem áður hýsti aðstöðu starfsmanna á Bergþórugötu 41.

Þetta er í fyrsta sinn sem þessi leið er farin og var þetta gert að frumkvæði og undir forystu Kristjáns Sigurmundssonar, forstöðumanns. Kristján hefur um árabil verið í farabroddi með að veita utankjarnþjónustu frá sínum íbúakjöörnum og jafnan er horft til hans vinnu í þeim efnunum. Kristján hefur í sínu starfi sýnt mikið frumkvæði og dugnað auk þess sem hann er ávallt tilbúinn í ný verkefni og er óhræddur við að fara nýjar leiðir. Hann tekst á við öll verkefni af fagmennsku, einlægum áhuga og jákvæðni.

Í flokknum *verkefni* verði verkefninu Austurstrætisverkefninu veitt hvatningarverðlaun velferðarráðs 2015.

Í mati valnefndar og rökstuðningi þeirra sem tilnefndu verkefnið kemur m.a. fram eftirfarandi: Verkefnið var sett af stað vegna aðstæðna sem myndast höfðu í miðbæ Reykjavíkur. Hópur ungmenna var farinn að sýna mikla áhættuhegðun og höfðu þau öll verið í þjónustu hjá þjónustumiðstöðvum og Barnavernd auk þess sem Lögreglan og starfsmenn Hins hússins voru farin að hafa mikil afskipti af þessum hóp. Til að bregðast við þessum aðstæðum var myndað teymi með starfsmönnum frá ÍTR, SFS, VEL, Barnavernd og USK (Vinnuskólinn). Teymið hélt utan um verkefnið og réð starfsmenn til að vinna að verkefninu. Til að byrja með hittu þessir starfsmenn ungmennin tvisvar í viku til að ná utan um hópinn og fá hann til að breyta hegðunarmynstri sem ungmennin voru búin að tileinka sér. Vinnuskólinn kom svo inn í verkefnið yfir sumartímann og þannig var hægt að vinna áfram með hópinn sem Vinnuskóla úrræði. Til að meta árangur af verkefninu voru áhugasviðskönnun og Líðan-könnun lagðar fyrir hópinn bæði áður en verkefni hófst og þegar því lauk. Það sáust breytingar á hugsunarhætti ungmennanna og foreldrar sáu breytingar á hegðun á sínu barni.

Starfsmenn VEL sem komu að verkefninu eru Guðrún Marínósdóttir hjá Barnavernd og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Þær voru hluti af teyminu sem hélt utan um verkefnið og komu að undirbúningi þess. Þær fengu svo með sér Andra Bjarnason sálfræðing á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og Reynir Harðarson sálfræðing hjá Barnavernd til að sjá um handleiðslu fyrir starfsmenn verkefnisins á meðan á starfinu stóð.

Viðurkenningar fyrir farsælt starf á sviði velferðarmála:

Jafnframt er lagt til að Guðmundi Sigmarssyni og Auði Sigurðardóttur séu veittar viðurkenningar fyrir farsælt starf á sviði velferðarmála.

Í mati valnefndar og rökstuðningi þeirra sem tilnefndu þessa einstaklinga kemur m.a. fram eftirfarandi:

Guðmundur: Guðmundur hefur starfað innan velferðarþjónustu til margra áratuga af þvílíkum metnaði og gæðum í starfi. Hann heldur utan um tölfræði og lykiltölur sviðsins af mikilli snilld og er alltaf tilbúinn til að gefa samstarfsfólki tíma til að rýna lykiltölur og velta upp nýjungum og tækifærum til að bæta tölfræðilegt ut anumhald þannig að lykiltölur veiti ávallt mikilvægustu upplýsingar hverju sinni.

Guðmundur er einstakur þegar kemur að þolinmæði, rósemi, hlýju, vinsamlegri framkomu og síðast en ekki síst yfirburðsþekkingu á sínu sviði og er endalaust tilbúin að aðstoða aðra. Hann er vakandi fyrir þróun í velferðarþjónustu, hugmyndamaður og framsækinn en vinnur verk sín í hljóði. Þar að auki er Guðmundur sá allra bónþægasti maður sem hægt er að leita til og þrátt fyrir annríki lætur hann samstarfsfólki alltaf líða eins og hann hafi allan heimsins tíma til að greiða úr málum með þeim.

Guðmundur er einstakur fagmaður og þrátt fyrir áratuga vinnu fyrir framan tölvu og tölur er ástíða hans og áhugi fyrir viðfangsefnum sínum takmarkslaus.

Auður: Samstarfsfólk Auðar Sigurðardóttur, félagsráðgjafa, á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis tilnefni hana til hvatningarverðlauna velferðarráðs Reykjavíkurborgar 2015.

Auður hefur gegnt starfi félagsráðgjafa hjá Reykjavíkurborg um 25 ára skeið. Hún hefur lokið fjölskyldumeðferðarnámi og meistaranámi í félagsráðgjöf. Um starfsævina hefur hún einkum helgað sig vinnu með fjölskyldum. Hún starfaði meðal annars sem deildarstjóri Félagsþjónustu Reykjavíkur, við barnavernd, fjölskylduráðgjöf og hefur setið í stýrihópum endurhæfingarúræða á vegum borgarinnar um árabil. Hún hefur einnig séð um jafningjahandleiðslu og handleiðslu nýrra félagsráðgjafa. Auður hefur látið gott af sér leiða og verið fyrirmynd annarra félagsráðgjafa. Störf hennar hafa einkennst af jákvæðri sýn á mannfolk, samkennd með aðstæðum fólks og hefur henni tekist að ná góðum tengslum við notendur. Hún hefur líka verið einstaklega góður samstarfsmaður, alltaf tilbúin að veita stuðning og ráðgjöf og leggja fram góðar lausnir. Auður hefur ákveðið að láta af störfum núna á vormánuðum og ætlar að einbeita sér að fjölskyldu sinni en þau hjónin eiga hátt í annan tug afkomenda.